

Starfsreglur/skipunarbréf

Endurskoðunarnefndar Festu lífeyrissjóðs

Skipun endurskoðunarnefndar

Endurskoðunarnefnd Festu lífeyrissjóðs starfar skv. 108. gr. a. laga nr. 3/2006 um ársreikninga þar sem kveðið er á um að einingar tengdum almannahagsmunum skuli hafa endurskoðunarnefnd sem skipuð skal eigi færri en þremur mönnum. Stjórn lífeyrissjóðsins skipar nefndina skv. ákvæðum laga, eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Sé nefndarmaður utanaðkomandi aðili skal hann tilnefndur af ársfundi sjóðsins. Birta skal skipan endurskoðunarnefndar á vefsíðu Festu lífeyrissjóðs.

Nefndarskipan

Í endurskoðunarnefnd skulu skipaðir þrír einstaklingar og einn til vara. Nefndin kýs sér formann og varaformann. Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum lífeyrissjóðsins og skulu formaður og meirihluti nefndarmanna jafnframt vera óháð lífeyrissjóðnum. Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins skal ekki eiga sæti í nefndinni. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar. Nefndarmenn eru bundnir trúnaði um málefni sjóðsins, starfsmanna, sjóðfélaga, lífeyrisþega og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem nefndarmenn. Starfsmenn sjóðsins skulu að öllu jöfnu sjá um fundarritun nefndarinnar.

Hlutverk og tilgangur endurskoðunarnefndar

Endurskoðunarnefndin leitast við að tryggja áreiðanleika ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga ásamt óhæði endurskoðanda sjóðsins.

Endurskoðunarnefndin skal meðal annars hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar Festu lífeyrissjóðs, stjórnenda sjóðsins eða annarra:

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila og eftir atvikum veita ráðleggingar eða leggja fram tillögur að umbótum við ferlið til að tryggja gæði reikningsskilanna, þ.m.t. heilindi upplýsinga í skýrslu stjórnar.
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits sjóðsins, innri endurskoðun og áhættustýringu.
3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings.
4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
5. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.
6. Meta reikningsskil og skýrslugerð stjórnenda um fjármál sjóðsins.
7. Hafa eftirlit með áhættugreiningu og viðbrögðum við áhættu.
8. Fylgja eftir úrbótum á annmörkum sem fram koma á innra eftirliti.

Heimildir

Nefndin hefur heimild stjórnar til að:

1. Ráða þá aðstoð sem nefndin telur nauðsynlega til að sinna störfum sínum.
2. Krefjast starfa og athygli starfsmanna sjóðsins.
3. Hafa aðgang að þeim gögnum sem nefndin telur sig þurfa .
4. Hafa umsjón með vinnu bæði ytri og innri endurskoðenda þ.m.t. þóknun vegna starfa þeirra og samþykkt verkefna sem ekki falla undir endurskoðun.

Fundir

Nefndin heldur a.m.k. 4 fundi á starfsári. Formaður nefndarinnar boðar til funda hennar. Einstaka nefndarmenn geta óskað eftir fundi og skal formaður boða fund innan mánaðar frá því að slík beiðni berst. Einfaldur meirihluti nefndarmanna ræður niðurstöðu mála. Formaður nefndarinnar sér um að fundir séu færðir til bókar. Á næsta fundi er fundargerð borin upp til samþykktar. Einungis nefndarmenn eiga rétt til setu á fundum nefndarinnar. Nefndin má bjóða hverjum starfsmanna sjóðsins sem henni finnst við eiga að sitja fundi nefndarinnar. Nefndin skal boða innri og ytri endurskoðendur til fundar við sig eftir því sem þurfa þykir.

Í upphafi hvers árs gerir nefndin áætlun um nefndarfundir ársins, fundi með endurskoðendum, stjórn og fundi með starfsmönnum sjóðsins. Jafnframt gerir nefndin áætlun um fundarefni.

Samskipti við stjórn

Endurskoðunarnefndin skilar a.m.k. árlega verkefnaáætlun og skýrslu um störf nefndarinnar til stjórnar sjóðsins. Í skýrslum til stjórnar skal koma fram samskipti nefndarinnar við stjórn, endurskoðendur og starfsmenn. Þá skal koma fram mat nefndarinnar á vinnuferli við gerð reikningsskila, virkni innra eftirlits, mat á innri endurskoðun og áhættustýringu. Einnig skal koma fram mat á óhæði endurskoðanda/endurskoðandafyrirtækis ásamt mati á endurskoðun ársreiknings. Nefndin ber ábyrgð á að upplýsa stjórn um hver þau mál sem geta haft veruleg áhrif á starfsemi eða afkomu sjóðsins. Nefndin skal yfirfara skýrslur ef stjórn sjóðsins kallar sérstaklega eftir því.

Samskipti við ytri og innri endurskoðendur

Endurskoðendur eða endurskoðunarfyrirtæki skulu gera árlega endurskoðunaráætlanir sem skilað er til nefndarinnar. Þá skulu endurskoðendur, minnst einu sinni á ári, gera skriflega grein fyrir störfum sínum og óhæði til nefndarinnar. Mikilvæg atriði sem fram koma við endurskoðunina skal skýra nefndinni frá eins fljótt og auðið er. Innri og/eða ytri endurskoðendur geta óskað eftir fundi með nefndinni og skal formaður boða fund innan mánaðar frá því að slík beiðni berst.

Nefndin skal funda án fulltrúa sjóðsins með ytri endurskoðun þegar þurfa þykir en a.m.k. á tveggja ára fresti.

Samskipti við starfsmenn sjóðsins

Nefndin hefur heimild til að kalla til starfsmenn sjóðsins til að fá upplýsingar um verklag og verkferla eða aðrar upplýsingar sem nefndin telur nauðsynlegt að fá vegna starfa sinna. Framkvæmdastjóri skal fara yfir og skýra starfsemi sjóðsins á fundum nefndarinnar að hennar ósk. Framkvæmdastjóri skal vera nefndinni til aðstoðar eftir því sem hún óskar eftir.

Birting reglna

Starfsreglur þessar skulu birtar á vefsíðu Festu lífeyrissjóðs.

Gildistaka, samþykki og endurskoðun á starfsreglum

Nefndin skal á hverju ári fara yfir starfsreglur sínar og ræða þörf á breytingum við stjórn sjóðsins.

Nefndin ber ábyrgð á að starfsreglur hennar, eins og þær eru á hverjum tíma, hafi verið ræddar og samþykktar af stjórn sjóðsins. Til breytinga á starfsreglunum þarf samþykki meirihluta stjórnar Festu lífeyrissjóðs.

Stjórn Festu lífeyrissjóðs hefur samþykkt starfsreglur endurskoðunarnefndar sjóðsins og taka þær gildi 19. júní 2025.

f.h. stjórnar Festu lífeyrissjóðs

Halldór Kristinsson, formaður

Stjórnarformaður
Halldór Kristinsson